

Lagabreytingar 2021

Tillögur Miðstjórnar

Fyrsta tillaga – Breyting á kaflaheiti

- Núverandi kaflaheiti:

2. Almennstjórn og Miðstjórn NST

- Nýtt kaflaheiti:

2. Miðstjórn NST

Tillaga 2

- Núverandi lög:

2.1 Miðstjórn NST skal vera lýðræðislega kosinn þar sem allir félagsmenn NST hafa kosningarrétt og eru kjörgengir. Kosning fer fram á vorönn hvers skólaárs.

2.1.1 Kosið skal í apríl ár hvert og þurfa frambjóðendur að skila inn framboðum sínum til félagsmálafulltrúa Tækniskólans eigi síður en 31. mars.

- Ný lög:

- **2.1 Miðstjórn NST skal vera lýðræðislega kosinn þar sem allir félagsmenn NST hafa kosningarrétt og eru kjörgengir. Kosning fer fram á vorönn hvers skólaárs. (grein 2.1.1 felld út)**

Tillaga 3

- Núverandi lög:

2.2 Miðstjórn NST er skipuð af formanni, varaformanni, ritara, nýnemafulltrúa og fulltrúa nemenda í Hafnafirði. Einnig skulu öll skólafélög Tækniskólans skipa einn fulltrúa í almenna stjórn.

- Ný lög:

2.2 Miðstjórn NST er skipuð af formanni, varaformanni, ritara, nýnemafulltrúa, fulltrúa nemenda í Hafnafirði, fulltrúa nemenda á Háteigsvegi og fulltrúa nemenda á Skólavörðuholti.

Tillaga 4

- Núverandi lög:

2.2.1 Frambjóðendur bjóða sig fram í eftirfarandi stöður: formann, varaformann, ritara, og fulltrúa nemenda í Hafnarfirði.

- Ný lög:

2.2.1 Frambjóðendur bjóða sig fram í eftirfarandi stöður: formann, ritara, fulltrúa nemenda í Hafnarfirði, fulltrúa nemenda á Háteigsvegi og fulltrúa nemenda á Skólavörðuholti.

Tillaga 5

- Ný grein:

2.2.1.1 Sá formannsframbjóðandi sem fékk næst flest atkvæði verði boðið embætti varaformanns. Þiggji hann hlutverkið ekki verði þeim aðila sem hlaut þriðja flest atkvæði boðið embættið og svo koll af kolli þar til varaformaður er fundinn. Ef enginn formannsframbjóðandi þiggur embættið verði þeim aðila sem fékk flest atkvæði í embætti ritara boðið embætti varaformanns og svo þeim sem fékk næst flest atkvæði í embætti ritara og svo koll af kolli líkt og með frambjóðendum í embætti formanns. Fáist ekki varaformaður með þessu móti verði embætti varaformanns auglýst sérstaklega og kosið viku eftir framboðsfrest.

Tillaga 6

- Lög eru:
 - 2.2.5 Nýnemafultrúi skal vera skipaður af nýnemum.
- Ný lög:
 - 2.2.5 Nýnemafultrúi skal vera **kjörinn** af nýnemum á **haustönn**.

Tillaga 7

- Ný grein:

2.2.7 Fulltrúi nemenda á Háteigsvegi skal vera kjörinn af nemendum á Háteigsvegi.

Tillaga 8

- Ný grein:

2.2.8 Fulltrúi nemenda á Skólavörðuholti skal vera kjörinn af nemendum á Skólavörðuholti.

Tillaga 9

- Lög eru:

2.3 Hverjum undirskóla Tækniskólans er heimilt að starfrækja eigið skólafélag og skal þá stjórn þess hvort vera lýðræðislega kosinn eða þáttaka í stjórn opin öllum sem hafa áhuga

- Ný lög:

2.3 Í hverri af aðalbyggingunum þremur í Tækniskólanum (Flatahrauni, Háteigsvegi og Skólavörðuholti) skal vera starfrækt skólafélag og skal stjórn þess vera lýðræðislega kjörin.

Tillaga 10

- Grein felld úr gildi:

2.4 Almenn stjórn NST skipa miðstjórn NST ásamt fulltrúum allra nemendafélag innan Tækniskólans.

Tillaga 11

- Lög eru:

2.6 Enginn fulltrúi í almennri stjórn NST skal hafa fleiri en eitt atkvæði. Auk þess skal enginn fulltrúi í miðstjórn NST sitja sem fulltrúi skólafélags.

- Ný lög:

2.6 Enginn fulltrúi í miðstjórn NST skal hafa fleiri en eitt atkvæði. Auk þess skal enginn fulltrúi í miðstjórn NST sitja sem fulltrúi skólafélags. Gegni fulltrúi skólafélags einnig hlutverki formanns, varaformanns eða ritara skal skólafélagið tilnefna nýjan fulltrúa í miðstjórn.

Tillaga 12

- Grein felld úr gildi:

2.9 Stjórn NST skal boða til löglegrar funda minnst einu sinni í viku nema í fríum.

Tillaga 13

- Lög eru:

2.9.1 Til þess að fundur geti verið talinn löglegur þurfa **minnst þrjár aðilar** miðstjórnar að mæta eða tveir aðilar miðstjórnar og þrjár almennar stjórnar.

- Ný lög:

2.9 Til þess að fundur miðstjórnar geti verið talinn löglegur þarf **meirihluti miðstjórnar að vera viðstaddur.**

Tillaga 14

- Lög eru:

3.1 Skólafélög eru eitt á hvern skóla og sjá um virkja félagslíf sinna skóla.

- Ný lög:

3.1 Skólafélög eru eitt á hverja aðalbyggingu skólanna (Flatahraun, Háteigsvegur og Skólavörðuholt) og sjá um að virkja félagslíf í sinni byggingu.

Tillaga 15

- Lög eru:

3.2 Skólafélög fá úthlutað fjármagn í byrjun hvernar annar sem verður sótt í sem styrkur.

- Ný lög:

3.2 Skólafélög fá úthlutað fjármagn í byrjun hvernar annar í hlutfalli við fjölda nemenda í hverju húsi.

Tillaga 16

- Grein felld úr gildi:

3.3 Skólafélög skipa einn almennan fulltrúa í almenna stjórn NST á hverju skólaári fyrir aðalfund sem verður fulltrúi félagsins á næsta skólaári.

Tillaga 17

- Grein felld úr gildi:

3.4 Skólafélög þurfa að fylgja lögum NST m.a. um lýðræðislega skipun félagsins.

Tillaga 18

- Lög eru:

3.6 Nemendafélög fá ekki pening í byrjun hvers annar frá NST en geta beðið um styrk.

- Ný lög:

3.4 Nemendafélög fá ekki pening í byrjun hverrar annar frá NST líkt og skólafélgög en geta sótt um styrki.

Tillaga 19

- Grein felld úr gildi:

3.8 Nemendafélög geta óskað eftir atkvæðisrétt á fundum NST og skal almenn stjórn NST kjósa um hvort það eigi við.

Tillaga 20

- Lög eru:

4.5 **Skuli nefnd innihalda** fimm eða fleiri nefndarmenn þarf að halda kosningu um formann þar sem allir meðlimir nefndarinnar eru kjörgengir með atkvæðisrétt.

- Ný lög:

4.5 **Innihaldi** nefnd fimm eða fleiri nefndarmenn þarf að halda kosningu um formann þar sem allir meðlimir nefndarinnar eru kjörgengir með atkvæðisrétt.

Tillaga 21

- Lög eru:
 - 5.1 Aðalfundur skal haldinn á vorönn ár hvert. Almenn stjórn NST skal boða aðalfund a.m.k. 2 vikum áður en hann er haldinn. Í fundarboðinu skal koma fram tímasetning aðalfundar, fundarstaður og dagskrá. Auglýsingar með fundarboði skulu settar upp innan veggja skólans og auk þess á heimasíðu NST. Það sem koma skal fram á aðalfundi er eftirfarandi:
 1. Afhending fundargagna.
 2. Setning aðalfundar.
 3. Formaður NST skal stýra fundinum og ritari NST skal rita fundargerð
 4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 5. Viðburðir NST kynntir.
 6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
 7. Lagabreytingar.
 8. Önnur mál.
 9. Slit aðalfundar.

Tillaga 21 - framhald

- Lög verða:
 - 5.1 Aðalfundur skal haldinn árlega. Miðstjórn NST skal boða aðalfund a.m.k. 2 vikna fyrirvara. Í fundarboðinu skal koma fram tímasetning aðalfundar, fundarstaður og dagskrá. Auglýsingar með fundarboði skulu settar upp innan veggja skólans og auk þess á vef NST og á samfélagsmiðlum. Það sem koma skal fram á aðalfundi er eftirfarandi:
 1. Afhending fundargagna.
 2. Setning aðalfundar.
 3. Kosning fundarstjóra. Ritari NST skal rita fundargerð
 4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 5. Viðburðir NST kynntir.
 6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
 7. Lagabreytingar.
 8. Önnur mál.
 9. Slit aðalfundar.

Tillaga 22

- Ný grein:

5.4.2 Félagsmálafulltrúi hefur tillögurétt á aðalfundi NST.